

ÚTSKRIFT ÚR FUNDAGERÐARBÓK SVEITARSTJÓRNAR HÚNAÞINGS VESTRA

214. FUNDUR.

214. fundur sveitarstjórnar Húnaþings vestra haldinn þriðjudaginn 26. mars árið 2013 í fundarsal Ráðhússins kl. 15:00. Oddviti setti fund.

Mætt undirrituð.

Gengið var til dagskrár.

Fundargerðir nefnda:

1. Fundargerðir byggðarráðs. Formaður byggðarráðs kynnti.

Fundargerð 785. fundar frá 25. mars s.l. Fundargerð í 10 liðum.

Þriðji liður fundargerðarinnar borinn undir atkvæði og samþykktur með 5 atkvæðum. Elín Jóna Rósinberg og Ragnar Smári Helgason viku af fundi við afgreiðslu þessa dagskrárliðar. Fram lögð svohljóðandi tillaga við 7. lið fundargerðarinnar.

„Sveitarstjórn Húnaþings vestra samþykkir framlagðar reglur um skipulag fjárhagsáætlunargerðar og eftirlits með fjárreiðum sveitarfélagsins og samþykkir að þær skuli öðlast gildi þann 1. apríl nk. Sveitarstjórn árettar að fjárhagsáætlun sveitarfélags er eitt mikilvægasta stjórnæki hvernar sveitarstjórnar og skal hún vera stefnumarkandi um ráðstöfun tekna vegna m.a. reksturs og fjárfestinga sveitarsjóðs og undirfyrirtækja. Reglubundið eftirlit með fjárreiðum sveitarfélagsins er ekki síður mikilvægt stjórnæki fyrir kjörna fulltrúa og starfsmenn og er þess vænst að reglur þar um muni skila árangri m.a. hvað varðar bættu fjármálastjórn og eftirlit með því að fjárhagsáætlunum sé fylgt. Því er mikilvægt að hlutverk allra aðila er koma nærri fjárhagsáætlunargerðinni og eftirliti með fjárreiðum sveitarfélagsins og verkferlar við gerð hennar séu skýrir. Sveitarstjórn Húnaþings vestra fagnar því að umræddar reglur séu fram komnar.

Í tengslum við framangreindar reglur samþykkir sveitarstjórn Húnaþings vestra framlagðar tillögur um breytingar á erindisbréfum fastanefnda sveitarfélagsins. Um er að ræða erindisbréf fyrir eftirtaldar nefndir:

Byggðarráð, Félagsmálaráð, Fræðsluráð, Landbúnaðarráð og Skipulags- og umhverfisráð.“

Tillagan borin undir atkvæði og samþykkt með sjö atkvæðum.

Fram lögð svohljóðandi tillaga við 8. lið fundargerðarinnar.

„Sveitarstjórn Húnaþings vestra samþykkir framlagðar siðareglur fyrir sveitarstjórn Húnaþings vestra og samþykkir að vísa þeim til staðfestingar ráðherra.“

Tillagan borin undir atkvæði og samþykkt með sjö atkvæðum.

Aðrir liðir fundargerðarinnar bornir undir atkvæði og samþykktir með sjö atkvæðum.

Fundargerð 786. fundar frá 26. mars 2013. Fundargerð í 2 liðum

Fram lögð svohljóðandi tillaga við 1. lið fundargerðarinnar:

„Sveitarstjórn Húnaþings vestra samþykkir framlagða skipulags- og matslýsingu vegna gerðar Aðalskipulags Húnaþings vestra 2014-2026 í samræmi við 1. mgr. 30 gr. skipulagslaga nr.

123/2010.“

Tillagan borin undir atkvæði og samþykkt með sjö atkvæðum.

Fram lögð svohljóðandi tillaga við 2. lið fundargerðarinnar:

„Sveitarstjórn Húnaþings vestra samþykkir að kjósa Karl Á. Sigurgeirsson sem aðalmann í kjörstjórn Húnaþings vestra í stað Björns L. Traustasonar, sem beðist hefur lausnar frá störfum í kjörstjórn af persónulegum ástæðum. Þá samþykkir sveitarstjórn að kjósa Halldór Sigfússon sem varamann í kjörstjórn Húnaþings vestra í stað Karls Á. Sigurgeirssonar. Sveitarstjórn þakkar Birni L. Traustasyni fyrir vel unnin störf í þágu Húnaþings vestra á liðnum árum.“

Tillagan borin undir atkvæði og samþykkt með sjö atkvæðum.

Fleira ekki tekið fyrir. Fundargerð upplestin og samþykkt. Fundi slitið kl. 15:20

Leó Örn Þorleifsson.

Stefán Einar Böðvarsson.

Þorbjörg Inga Ásbjarnardóttir.

Elín Jóna Rósinberg.

Ragnar Smári Helgason.

Elín R. Líndal.

Sigurbjörg Jóhannesdóttir.

Skúli Þórðarson, sveitarstjóri.